



FUNDARGERÐ

260. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði miðvikudaginn 31. júlí 2019 kl. 12:00.

Mætt eru: Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Björg Björnsdóttir, Ívar Karl Hafliðason, varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson, framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi: Gunnar Jónsson.

Dagskrá:

1. Samningar við landeigendur Egilsstaða I vegna lóðar fyrir skólphreinsivirki og lagnaleið útrásar.
2. Önnur mál.

Ágústa Björnsdóttir, varaformaður stýrði fundi.

1. Samningar við landeigendur Egilsstaða I vegna lóðar fyrir skólphreinsivirki og lagnaleið útrásar.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

1. Drög að kaupsamningi á 0,55 hektara lóð undir skólphreinsivirki ásamt lóðablaði.
2. Drög að samkomulagi um greiðslu vegna lagningar veitulagna ásamt yfirlitskortu af lagnaleið fráveitu.
3. Yfirlýsing eigenda jarðarinnar Egilsstaðir I um heimild HEF til veitulagna og lagningu vegslóða.

Umræður voru um gögnin og verður unnið áfram með málið, stefnt að fundi eftir viku.

Að loknum lið 1 véku Ívar Hafliðason, varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson, framkvæmdastjóri af fundinum en Gunnar Jónsson, formaður kom inn á fundinn og tók við fundarstjórn.

2. Önnur mál.

Rædd voru ýmis starfsmannamál. Fært í trúnaðarmálabók.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 14:32.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.